

Blótað með listum

Húmorinn liggur í því hversu alvarlegar verurnar eru og þeim stekkur aldrei bros.

Af sviðslistum

Nína Hjálmarsdóttir

ninahjalmars@gmail.com

Vorið er komið og þá ekki síst í sjálfstæðu sviðslistasenu. Um síðustu helgi var efnt til *Vorblóts* í Tjarnarbíói þar sem boðið var upp á blöndu af því mest spennandi sem er að gerast í dansi, leikhúsi og performans. Hvort sem það er nýútskrifað sviðslistafólk að sýna sín fyrstu verk eða þekktir reynsluboltar þá er mjög gleðilegt að geta notið hátíðarveislu þar sem tilraunakennd verk á mörkum margra listgreina fá sitt pláss. Fjöldi spennandi verka var á hátíðinni en hér verður aðeins fjallað um nokkur þeirra.

Rósa Ómarsdóttir hefur getið sér gott orð ásamt Ingu Huld Hákonardóttur fyrir verk eins og *Da Da Dans* og *The Valley*. Í nýjasta verki Rósu, *Traces*, eru áhorfendur dregnir inn í veröld sem kallast á við ímyndanir okkar um Eden-paradís. Hljóð, ilmur og áferð öðlast stór hlutverk og sviðsmyndin dansar með flytjendunum á mjúkan og viðkvæman hátt. Verkið er hugleiðing um stöðu manneskjunnar í náttúrunni, upphaf lífsins og endalok þess.

Í verkinu *I Want To Dance Like You Part 2* reyna sviðshöfundurinn Alma Mjöll Ólafsdóttir og dansarinn Ástrós Guðjónsdóttir að sviðsetja hið fullkomna samsköpunarverk (e. devised performance) þar sem áhorfendum er lofað að þeir gráti, hlæi og gangi út sem nýjar manneskjur. Eða það er allavega ætlunin. Verkið er óður til amatörisma þar sem sýningin misheppnast gjörsamlega, en mistökin eru greinilega fyrirfram ákveðin. Verk sem er í raun um verkið sem átti að vera, er klassísk aðferðafræði til að vinna með væntingar áhorfenda og klisjur leikhússins.

Minna er meira

Verk nr. 1,5 eftir Steinunni Ketilsdóttur er annað dansverkið í seríu verka sem spretta úr rannsóknarverkefninu EXPRESSIONS: Virði og vald væntinga í dansi. Verkið á margt sameiginlegt með *Verk nr. 1* sem Íslenski dansflokkurinn frumsýndi á síðasta ári, nema í þetta skiptið er andrúmsloftið persónulegra og ekki eins vélrænt. Í staðinn fyrir hóp dansara, eins og er í fyrra verkinu, þá er aðeins einn dansari á sviðinu, Snædís Lilja Ingadóttir. Snædís nær ótrúlegri tengingu við áhorfendur og heldur athygli áhorfenda allan tímann, magnaður dansari með sterkan grunn sem veldur þessu hlutverki mjög vel. Raftónlist Áskels Harðarsonar er einfaldlega æðisleg, frumleg og algjörlega samofin kóreógráfíunni og flytjandanum. Grúvið er dáleiðandi og við í salnum eigum erfitt með að sitja kjurr. Lýsingin og búningur þjónuðu sýningunni vel og möggnuðu upplifunina.

Eins og í *Verk nr. 1* þá er umfjöllunarefnið danslistin sjálf og hlutverk dansarans. En verkið kallar líka fram hugleiðingar um togstreitu mannsins við ósveigjanlegt kerfi, kerfið sem er alltumlykjandi og kæfir hinn frjálsa vilja. Sem dæmi eru sumar hreyfingar tilvísanir í vélrænan klámkúltúr og klisjuleg hlutverk konunnar. En það sem gerir verkið einstaklega gott er hversu lítið er sagt, en um leið er margt gefið í skyn. Hið listræna gildi felst því ekki síst í því hvernig áhorfandinn tengir án þess að geta útskýrt af hverju hann tengir. Það er bara eitthvað heillandi við þessar hreyfingar og tónlist sem og nákvæmni og afstöðu flytjandans. Verkið nær hámarki í lokin sem má túlka sem frelsun manneskjunnar. Eftir á langar mann bara að sjá meira.

Við erum öll Geigen

Skemmtilegasta verk hátíðarinnar var tvímælaust *Geigen Galaxy #2* eftir sviðslista- og tónlistardúóið Gíjju Jónsdóttur og Pétur Eggertsson. Orðið „geigen“ þýðir „að leika á fiðlu“ á þýsku sem passar við notkun teknótónlistar í verkinu, en höfuðborg Þýskalands er oft kölluð óopinber höfuðborg teknósins. Við göngum inn í tónleikagjörning þar sem tvær verur í einkennisklæðnaði hámenningarinnar, skartandi átjándu aldar hárkollum, fara með okkur í ferðalag. Húmorinn liggur í því hversu alvarlegar verurnar eru og þeim stekkur aldrei bros. Þær eru einhvers konar alter-egó höfundanna, eða költleiðtoganna, og við erum kolfallin frá fyrsta augnabliki þegar bogarnir snerta streng og ritúalið hefst.

Heimur verksins er skýr. Með myrkrinu og notkun sjálflýsandi efnis, strobe-ljósá og glóandi prika er nefnilega auðvelt fyrir áhorfendur að gleyma sér í teknó-rave-partyi. Þó svo að við verðum aldrei jafn kúl og flytjendurnir. Sviðsmyndin er einföld, heillandi og hefur þann safaríka eiginleika að hægt er að spila tóna á hana sjálfa. Þarna er teflt saman ólíkum heimum, teknóraveinu og háklassíkinni, og írónían er ápreifanleg. Í lok partýsins skilja þau áhorfendur eftir í trylltum dansi. Við erum hluti af költinu.

Framtíð í spegli fortíðar

Heiti hátíðarinnar, *Vorblót*, hefur metnaðarfulla tilvísun þar sem *Vorblóts*-ballettinn með tónlist Stravinskíjs, frumsýndur í París árið 1913, er einhver frægasti gjörningur allra tíma. Verkið kollvarpaði evrópski listahefð nítjándu aldar og var boðberi nýrra tíma. Fá verk hafa verið jafn umdeild og haft jafn mikil áhrif á listasöguna og þetta töfrablót frumstæðra náttúruafla og ómstríðrar tónlistar. Það var vægast sagt algjör negla. Eflaust eru slagsmál, uppþot og umbylting sögunnar ekki beint markmiðið með *Vorblóti*



[Smellið til að sjá stærri mynd]

Tjarnarbíós, en tengingin er þó við hæfi því hún minnir okkur á mikilvægi sjálfstæðrar hugsunar í listum, að eiga í stöðugu samtali við formið, og dansa á mörkum listgreinanna.

Í heimi vaxandi togstreitu er það ekki spurning að list verður að ögra viðteknum normum samfélagsins, heldur staðreynd. Við þurfum að ræða hvernig framtíð við viljum, og þar er listin okkar öflugasta tæki. Tjarnarbíó á hrós skilið, en *Vorblótið* er myndarleg viðbót í flóru íslenskra listahátíða sem vonandi mun halda áfram að blómstra á komandi tímum.